



Reglur um ferðapjónustu fatlaðra í Sveitarfélaginu Árborg og gjaldskrá

Markmið ferðapjónustu fatlaðra

1.gr

Sveitarfélagið Árborg vill tryggja fötluðum skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins. Með ferðapjónustu fatlaðra í Árborg er fötluðum gert kleift að stunda nám, vinnu, tómstundir, sækja þjónustu á hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaða vinnustaði, skammtímavistun og aðra sértæka þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega.

¹⁾ Breyting tók gildi 1. apríl 2011

Notendur

2. gr.

Ferðapjónusta fatlaðra er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, heyra undir lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum og uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a) Bundnir hjólastól
- b) Blindir
- c) Þurfa sérhæfða ferðapjónustu til að komast leiðar sinnar vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

Ferðapjónusta fatlaðra er einnig ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, eru 67 ára og eldri og sækja þjónustu hjá dagvist aldraðra í sveitarfélaginu, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Fatlaðir, sjúkir og aldraðir, sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu, geta sótt um ferðapjónustu og skal hún veitt ef lögheimilissveitarfélagið greiðir fyrir allan kostnað vegna aksturs. Skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónusta er veitt.

Forgangur, ferðafjöldi og þjónustutími

3. gr.

Ferð í reglum þessum telst akstur milli tveggja staða. Fatlaðir notendur eiga rétt á ferðaþjónustu vegna ferða til og frá hæfingar- og endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnunum fatlaðra, grunnskólum, vernduðum vinnustöðum og vegna annarrar sértækrar þjónustu fyrir fatlaða og er þessi þjónusta fötluðum notendum að kostnaðarlausu.

¹⁾ Breyting tók gildi 1. apríl 2011

Fyrir akstur vegna annarrar þjónustu skulu notendur greiða gjald samkvæmt 7. gr. Með annarri þjónustu er m.a. átt við skammtímavistun, stuðningsfjölskyldur, sumardvalarheimili, menningar-, tómsunda- og félagslíf, almenna vinnustaði og framhaldsskóla. Ferðir til að sækja menningar-, tómsunda- og félagslíf skulu ekki vera fleiri en 8 á mánuði fyrir hvern notanda.

Sækja má um undanþágu frá ákvæði 2. mgr. um hámarksfjölda ferða. Beiðni um undanþágu skal vera skrifleg ásamt lýsingu á aðstæðum umsækjanda og ástæðum undanþágubeiðninnar¹⁾. Heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum. Undanþága skal ekki veitt nema um sé að ræða brýna þörf.

¹⁾ Breyting tók gildi 1. apríl 2011

Þjónustutími er sem hér segir:

Virka daga frá kl. 7:30 til kl. 24:00.

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00 til kl. 24:00.

Umsóknir og afgreiðsla

4. gr.

Sækja skal um ferðaþjónustu til þjónustuvers Árborgar, Ráðhúsinu Austurvegi 2 á Selfossi, á sérstökum umsóknareyðublöðum sem þar liggja frammi. Í umsókn skal fötlun og/eða aðstæðum umsækjanda lýst og skal læknisvottorð fylgja umsókn. Starfsmenn skulu meta umsóknir á grundvelli samnings milli aðila¹⁾. Umsóknir skulu metnar á grundvelli möguleika umsækjanda til að komast ferða sinna með öðrum hætti en með ferðaþjónustu fatlaðra. Meta skal aðstæður og þörf umsækjanda eftir þjónustu hverju sinni og heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum. Ákvörðun starfsmanna skal kynnt umsækjanda eða forráðamanni hans, bréflega.

¹⁾ Breyting tók gildi 1. apríl 2011

Samningur um þjónustu o.fl.

5. gr.

Strax og umsókn hefur verið samþykkt skal gera samning við notanda um akstur. Skulu fastar ferðir vegna atvinnu og/eða náms skilgreindar, sem og aðrar reglulegar

ferðir. Tilkynna þarf með að lágmarki dags fyrirvara, ef óskað er eftir breytingum á reglulegum ferðum samkvæmt samningi og ef óskað er eftir ferðum sem ekki er kveðið á um í samningi. Sé ferð samkvæmt samningi eða ferð sem samþykkt hefur verið á grundvelli undanþáguákvæðis 2. mgr. 3. gr., ekki afpöntuð með minnst 3 klukkustunda fyrirvara, telst ferðin með í uppgjöri við notanda. Tilkynningum um breytingar á ferðum og/eða afpöntun ferða skal beina til bílstjóra ferðaþjónustunnar, sem skal sjá um skipulagningu ferða.

Annan dag hvers mánaðar skal verksali skila nákvæmri skýrslu yfir akstur liðins mánaðar þar sem fram kemur fjöldi ferða og erindi hvers notanda. Verksali ber ábyrgð á að fjöldi ferða notanda í hverjum mánuði séu innan þeirra marka sem samningur um þjónustuna kveður á um. Kostnaður sem kann að falla til vegna þess að notandi hefur fengið fleiri ferðir en samningur sem gerður hefur verið við hann kveður á um, fellur ekki á sveitarfélagið.

Notendur ferðaþjónustu skulu ávallt, í upphafi ferðar, framvísa tilskildu skírteini, útgefnu af Félagsþjónustu Árborgar.

Þjónustusvæði og akstur

6. gr.

Ferðaþjónusta er veitt innan marka Sveitarfélagsins Árborgar. Bílstjórar skulu aðstoða notendur við að komast í og úr bifreið gerist þess þörf. Ekið skal að og frá anddyri viðkomandi húss eða stofnunar. Af þeim sökum skulu notendur, sem ekki geta ferðast án aðstoðar, útvega sjálfir og kosta fylgd aðstoðarmanns. Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma og þarf bílstjóri ekki að bíða, sé notandi ekki tilbúinn. Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og verða notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingu á áætlun. Bílstjórar skulu sýna notendum virðingu, tillitssemi og trúnað.

Þeir sem þurfa á sérútbúinni bifreið að halda til að sækja endurhæfingu á Grensás og eru tímabundið búsettir í Reykjavík geti sótt um ferðaþjónustu að hámarki 40 ferðir á ári.

¹⁾ Breyting tók gildi 1. apríl 2011

Sækja má um undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um akstur út fyrir mörk sveitarfélagsins. Beiðni um undanþágu skal vera skrifleg, ásamt ítarlegri lýsingu á aðstæðum umsækjanda og ástæðum undanþágubeiðninnar¹⁾. Heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum.

¹⁾ Breyting tók gildi 1. apríl 2011

Við mat á undanþágubeiðni skal taka tillit til tilefnis og mikilvægis ferðar fyrir notandann og kostnaðar fyrir sveitarfélagið. Gæta skal samræmis við veitingu undanþágu og skal undanþága að jafnaði ekki veitt nema notandi geti ekki komist á áfangastað með öðrum hætti en sérútbúinni bifreið ferðaþjónustunnar, um sé að ræða þjónustu sem notandi getur ekki fengið innan marka sveitarfélagsins og brýn þörf sé fyrir þjónustu. Ferðir út fyrir mörk sveitarfélagsins skulu ekki vera fleiri en ein í

mánuði með þeirri undantekningu að um sé að ræða nauðsynlega ferð sem fellur undir ákvæði 1.-4. töluliðar 9. gr. og 2. mgr. 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Um gjaldtöku vegna ferða út fyrir mörk sveitarfélagsins fer samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglnanna með þeirri undantekningu að falli ferð undir 1.- 4. tölulið 9. gr. og 2. mgr. 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna þessara, er þjónustan gjaldfrjáls.

Gjaldskrá

7. gr.

Fyrir ferðþjónustu fatlaðra skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálanefnd.

Málskot

8. gr.

Telji notandi/umsækjandi á rétt sinn hallað, samkvæmt reglum þessum, er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustu Árborgar til félagsmálanefndar Árborgar, innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðunina. Ákvörðun félagsmálanefndar má vísa til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, skv. 3. tl. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 40/1991.

Reglur þessar eru settar skv. XI kafla nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og taka gildi við staðfestingu bæjarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um ferðþjónustu í Sveitarfélaginu Árborg og gjaldskrá frá 18. janúar 2007.

Samþykkt í félagsmálanefnd þann 14. mars 2011

Samþykkt í bæjarráði þann 24. mars 2011